

Reykjavík, 4. maí 2026

## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um tillögu til þingsályktunar  
um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026 – 2029

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindri tillögu. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (*UNHCR*). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við bæði umsækjendur og fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (e. *inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu félagsins til 2030 og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Í stuttu máli vill félagið vekja athygli á eftirfarandi atriðum hvað áætlunina varðar og að:

- Sett verði aðgerð í þessa áætlun um að mótuð verði langtímastefna á tímabilinu. Sjá atriði 1.
- Tryggt verði samráð við þann hóp sem framkvæmdaráætlunin snýst um. Sjá m.a. atriði 2, 15 og 26.
- Félagið fagnar stóraukinni áherslu á íslenskukennslu en leggur til aukið samstarf við félagasamtök. Sjá atriði 3-7.
- Læsi og önnur grunnfærni verði könnuð enn betur við komu til landsins. Sjá atriði 5 og 11.
- Fjárhagslegur ávinningur fái til lengri tíma af auknum stuðningi við fólk sem sameinast fjölskyldumeðlimum með flóttabakgrunn. Sjá atriði 8.
- Mat á námi, áhugi og leiðir til viðbótarnáms o.fl. verði kannað með ítarlegri skimunum og móttökuvíðtali við upphaf búsetu. Sjá atriði 7-12.
- Átak verði gert til að sporna gegn neikvæðri orðræðu í garð innflytjenda og auka sýnileika framlags þeirra til samfélagsins, m.a. í samvinnu við fjölmiðla. Sjá atriði 19.
- Skoðað verði hvort aðgerða er þörf er varðar stafræna inngildingunýrra íbúa. Sjá atriði 20.
- Skoðað verði að bjóða aftur upp á endurgjaldslausu lágmarks lögræðiþjónustu fyrir viðkvæmasta hópinn. Sjá atriði 21.
- Almennt mætti auka samráð og samstarf við félagasamtök sem vinna með innflytjendum og flóttafólki. Sjá m.a. atriði 2,6, 16, 23 og 26.

### Almennar athugasemdir

1. Rauði krossinn fagnar framkominni framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til næstu fjögurra ára, tekur undir áherslur hennar í öllum aðalatriðum og hlakkar til samvinnu um aðgerðir. Félagið harmar þó um leið að ekki sé til staðar langtímastefna í málefnum

innflytjenda, þó byggt sé á þeim góðu drögum að langtímastefnu sem unnin var nýlega af félags- og húsnæðismálaráðuneyti. Félagið hefur árum saman talað fyrir stefnu sem markar skref lengra fram í tímann um hvernig við viljum öll sjá samfélagið þróast m.t.t. þeirra miklu breytinga á samsetningu þjóðarinnar sem orðið hefur, öllu samfélaginu til góðs. Í slíkri stefnu verði hugtök er varða inngildingu (e. *inclusion*) einnig skýrð á greinargóðan hátt og þannig lögð drög að sameiginlegum skilningi á hvað inngilding felur í sér svo meiri líkur séu á að við róum öll í sömu átt. Félagið tók því fagnandi þegar mótun slíkrar stefnu var samþykkt sem fyrsta aðgerð í síðustu framkvæmdaáætlun fyrir árin 2022 – 2025 og eins þeirri víðtæku stefnumótunarvinnu sem unnin var á tímabilinu og skilaði sér í Hvítbók í málefnum innflytjenda, þ.e. drögum að stefnu til ársins 2038. Skýrsla OECD<sup>1</sup> sem minnst er á í greinargerð með þessari tillögu og fleiri gögn sýndu ótvírátt þörf á langtímastefnu. Það eru því vonbrigði að stefnan sjálf hafi ekki verið borin upp til samþykktar og veldur óþarfa hökti á nauðsynlegri vegferð til sameiginlegar langtímasýnar, öllu samfélaginu til gagns.

Félagið ítrekar því hvatningu sína til stjórnvalda um að nýta þegar unna stefnuvinnu og móta langtímastefnu sem allra fyrst og leggur til að sérstök aðgerð þess efnis verði sett inn í þessa framkvæmdaáætlun.

2. Félagið vill enn fremur vekja athygli á þeirri brýnu þörf að hafa náið samráð við þann fjölbreytta hóp sem helst á að njóta góðs af áætluðum aðgerðum og framkvæmd þeirra. Þau sem eru að setjast hér að þekkja best hvar skórinn kreppir hvað aðgengi og inngildingu varðar. Hér geta félagasamtök oft aðstoðað við að mynda brú til þeirra sem áætlunin varðar.

## **Einstaka aðgerðir**

### **1. Aðgerðir um íslenskunám og notkun tungumálsins í daglegu lífi**

3. Það er afar ánægjulegt að sjá áherslu á kröftugri íslenskukennslu, bætt aðgengi um land allt, gæðaeftirlit o.fl.
4. Eins er gott að sjá áætlaða þátttöku og samfélagslega ábyrgð atvinnulífsins í því átaki, enda stærsti hluti nýrra íbúa landsins kominn hingað vegna ákalls atvinnurekenda, hvort sem er á einka- eða opinberum markaði. Innflytjendur eiga erfitt með að stunda íslenskunám meðfram 1-3 störfum og fjölskyldulífi og skiptir miklu að boðið sé upp á það á vinnutíma.
5. Í þessari framkvæmdáætlun telur félagið þó ekki nægjanlega gáð að þörfum afar viðkvæms hópi ólæsra. Staðreyndin er að alltaf eru einhver sem hingað koma sem ekki hafa haft tækifæri til fullrar skólagöngu þó komin séu á fullorðinsár. Það hefur brugðið við að fólk situr jafnvel nokkur íslenskunámskeið sem litlum árangri skila þegar í ljós kemur löngu síðar að það hafði ekki grunnfærni í lestri á móðurmáli sínu. Ólæsinu fylgir iðulega nokkur skömm og því þarf að gaumgæfa enn betur þá færni fólks við komuna til landsins með ítarlegri skimunum.

---

<sup>1</sup> OECD, [https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/publications/reports/2024/09/skills-and-labour-market-integration-of-immigrants-and-their-children-in-iceland\\_cc5aa7de/96adc300-en.pdf](https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/publications/reports/2024/09/skills-and-labour-market-integration-of-immigrants-and-their-children-in-iceland_cc5aa7de/96adc300-en.pdf)

6. Í aðgerð 1.3 *Tækifæri til íslenskunáms* mætti bæta félagasamtökum við sem samstarfsaðilum. Það er þörf á frekari tækifærum til að æfa tungumálið og samtök eins og Rauði krossinn og fleiri hafa verið virk í að bjóða upp á slíkt. Innflytjendur og flóttafólk sérstaklega hafa nefnt að þau skorti tækifæri til að æfa sig að tala vegna þess að þau séu oft í litlu sambandi við innfædda. Þarna geta sjálfboðaliðar Rauða krossins komið sterkir inn. Það sama á við um fræðslu um samfélagið, skyldur og réttindi.
7. Hvað varðar aðgerð 1.4 *Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk* telur félagið að gera megi enn betur. Flóttafólk á oft að baki erfiða reynslu og brotinn námsferil. Félagið telur þörf á að taka þeirra leið inn í samfélagið fastari tókum og viðhafa enn skýrari ramma utan um nauðsynlega fræðslu í byrjun dvalar á Íslandi. Til dæmis nær því sem viðhaft er í Noregi, þar sem prógrammið er þétt og vel skipulagt og flóttafólki er uppálagt að taka þátt, með eðlilegum fyrirvara um aðstæður og líðan hvers og eins.
8. Eins þarf að gefa öllum þeim sem koma vegna fjölskyldusameiningar við fólk með flóttabakgrunn meiri þjónustu við komuna til landsins og tryggja að þau verði ekki utanveltu í samfélaginu. Þessi hópur er að einhverju leyti fremur ósýnilegur og þarfir þeirra þar með. Þau má styðja betur með því að veita aðgengi að íslenskukennslu á vegum Vinnumálastofnunar og mun meiri stuðning við atvinnuþátttöku og/eða menntun miðað við það sem nú er. Langflest þrá ekkert fremur en að geta séð fyrir sér og sínum séu þau á annað borð í stakk búin til þess. Með þessum stuðningi í byrjun dvalar má og koma í veg fyrir að fólk þurfi að þiggja framfærslu opinberra aðila óþarflega lengi. Í heildina fengist því fjárhagslegt hagræði af stuðningi við þennan hóp.

## **2. Aðgerðir um mat á námi og þátttöku á vinnumarkaði**

9. Nauðsyn þess að bæta stórkostlega úr á þessu sviði verður ekki undirstrikuð nógu oft. Í raun er með ólíkindum hversu hægt hefur þokast fram á við og alltaf jafn dapurlegt að verða vitni að því að fólk geti ekki nýtt menntun sína og samfélagið njóti ekki góðs af henni. Átakanlegast er líklega þegar vel menntað heilbrigðisstarfsfólk fær ekki nám sitt metið á skilvirknan hátt og fær því ekki störf við hæfi, í þeirri manneklu sem hrjáir það svið samfélagsins.
10. Hér má bæta við að fjöldi fullorðins flóttafólks, sem sumt er með brotna skólagöngu, hefur áhuga á mennta sig, m.a. til að láta drauma sína rætast og/eða festast ekki í láglau nastörfum. En það á erfitt með að finna sér stað innan skólakerfisins, t.d. í framhaldskólanámi þar sem aldurstakmörk eru viðhöfð. Margar konur úr röðum flóttafólks eru oft sérlega illa staddar hvað þetta varðar og að hluta til ungt fólk af báðum kynjum. Að þessu þyrfti að huga í mun meira mæli. Rauði krossinn vann skýrslu um þetta fyrir nokkrum árum sem sýndi berlega þörfina á að vinna á skilvirkari hátt að menntunarmöguleikum fólks á efri skólastigum.<sup>2</sup> Þarna er einnig fólk sem er búið með framhaldsskóla eða grunnám og með viðbótarmenntun yrði framlag þeirra til samfélaginu enn verðmætara.
11. Í aðgerð 2.3. *Virgni og tækifæri á vinnumarkaði* er gleðilegt að sjá aukna samfélagslega aðkomu og ábyrgð atvinnulífisins. Mótun virks fjölmeningarsamfélags verður ekki leyst eingöngu af félags- og skólaþjónustu opinberra aðila og þjónustu félagasamtaka.
12. Tengt þessari aðgerð telur félagið rétt að skoða hvort ekki mætti bjóða öllum innflytjendum upp á einhvers konar móttökuvíðtal við komuna til landsins. Mögulega væri hægt að tengja

<sup>2</sup> <https://www.raudikrossinn.is/media/lkvertc3/the-access-to-education-for-refugees-in-iceland.pdf>

slíkt viðtal á einhvern hátt við veitingu dvalarleyfis þar sem spurt er um nám og starfsreynslu sem og vonir og drauma þeirra um viðbótarnám. Þetta gæfi aukna yfirsýn yfir þann mannauð og menntun sem samfélagið er að fá til landsins og myndi væntanlega auðvelda mótun stefnu um mat á námi, viðbótarnám og þátttöku á vinnumarkaði. Þessi aðgerð fjallar einnig um læsi og grunnfærni en það mætti efla mjög skimun s.s. á læsi eins og nefnt er hér að ofan undir lið 5. Félagið leggur til að aðgerð um að koma á vel skilgreindu móttökuvíðtali með greinargóðum skimunum þar sem spurt yrði eftir færni viðkomandi og óskum um nám verði bætt inn í framkvæmdaáætlunina.

### **3. Aðgerðir um upplýsingaþjónustu, samfélagsfræðslu og þátttöku**

13. Aðgerðir sem þessar hafa verið til umræðu núna árum og áratugum saman. Eitthvað hefur þokast í áttina en betur má ef duga skal.
14. Í aðgerð 3.1 *Uppbygging fjölbreyttrar upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur* er ætlað að efla upplýsingaveitu gegnum Ísland.is. Félagið bindur miklar vonir við að sú vinna verði metnaðarfull og feli m.a. í sér að þegar fram í sækir geti nýir íbúar nálgast þar allar upplýsingar sem þeir þurfa á að halda og geti rakið sig eftir vel skilgreindum leiðum í leit sinni. Hvort sem um er að ræða upplýsingar um vernd og dvalarleyfi, náms- og atvinnumöguleika, heilbrigðis- og félagsþjónustu, húsnæðismál eða hvað annað það sem fólk leitar eftir í byrjun búsetu í nýju landi.
15. Hér vekur sérstaka athygli að innflytjendur sjálfir sem og flóttafólk eru ekki meðal samstarfsaðila. Það á reyndar við um flestar aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar. Þau sem helst reyna inngildingarferlið á eigin skinni eru líklega best fallin til að veita ráðgjöf um tilhögun og framkvæmd aðgerða.
16. Eins mætti athuga aukna aðkomu félagasamtaka að samfélagsfræðslunni, ekki síst fyrir flóttafólk og aðra í viðkvæmri stöðu. Þörf fólks fyrir endurtekna fræðslu og útskýringar hefur margoft sýnt sig skv. reynslu Rauða krossins.
17. Í aðgerð 3.3. *Lýðræðisþátttaka og og lýðræðisfræðsla* er tilefni til að staldra við áætlaðan hagaðila/markhóp og bæta við „samfélagið allt“ því það hlýtur að vera hagur allra að um 20% þjóðarinnar taki þátt og leggi af mörkum til að bæta samfélagið. Í raun þyrfti einnig ákall til stjórn málaflokka um að taka þátt í þessari aðgerð, m.a. til að framboðslistar endurspegli betur samsetningu þjóðarinnar, nýir íbúar landsins sjái að þeir gætu mögulega verið fulltrúar síns hóps og að þarfir svo stórs hóps verða settar á dagskrá.
18. Rauði krossinn fagnar aðgerð 3.4. *Þátttaka barna og ungmenna í íþróttá-æskulýðs og öðru tólmstundastarfi* og hvetur til að bætt verði við einhvers konar reglulegri rannsókn eða stöðutöku á þróun þátttökunnar. Félagið stóð að skoðun á þátttöku innflytjendabarna meðal sveitarfélaga fyrir allnokkru og kom það fulltrúum margra sveitarfélaga í opna skjöldu hversu lítil þátttaka þeirra var. Ef sviðsmyndin er ekki þekkt er síður lögð áhersla á að bæta úr.
19. Undir þessum aðgerðakafla saknar félagið átaks til að bregðast við neikvæðri og oft á tíðum skaðlegri orðræðu um málefni innflytjenda og aðkomu ólíkra aðila, m.a. fjölmiðla, að henni. Fjölmiðlar hafa einnig lykilhlutverki að gegna hvað varðar sýnileika fjölbreytileika samfélagsins og væri æskilegt að sjá aðgerð tengda því.

20. Stefna stjórnvalda er að „stafræn samskipti verði megin samskiptaleið hins opinbera við almenning“.<sup>3</sup> Samkvæmt reynslu félagsins á hluti nýrra íbúa í erfiðleikum með að fóta sig í stafrænu umhverfi og gerir það þeim lífið mun flóknara. Gögn um hve margt fólk almennt er utan starfræns umhverfis liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands en þau mætti greina betur eftir uppruna. Félagið leggur til að hugað verði mun betur að því hvernig stafrænni inngildingunýrra íbúa er háttáð og hvort þörf sé á aðgerðum hvað það varðar.
21. Eftirfarandi atriði á bæði við um yfirheiti þessarar aðgerðar og þeirrar næstu. Flóttafólk sérstaklega býr margt að þeirri reynslu að hafa verið svikið eða beitt ofbeldi af yfirvöldum í sínum upprunalöndum. Tortryggni og vantraust til yfirvalda hvers konar er því mjög algengt þeirra á meðal eftir komuna til landsins. Upp geta komið tilvik þar sem þörf er á endurgjaldalausri lögfræðilegri ráðgjöf til aðstoðar í ýmsum málum og eins til að fá annað eða hlutlaust mat á málum sem um ræðir. Sú lögfræðilega ráðgjöf sem stóð flóttafólki og innflytjendum til boða á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands var þeim mikilvæg og dýrmæt. Um það vitnar reynsla félagsins og fjölmargra annarra þjónustuaðila þessa hóps. Eftir að skrifstofan var lögð af á síðasta ári, þar sem ný Mannréttindastofnun Íslands var sett á fót, lagðist lögfræðisþjónustan af og hefur álag á ýmis félagasamtök aukist þessu samfara, sem þó hafa varla mannauð til að sinna því. Félagið vill vekja athygli á þessu, leggur til að aðgerð um slíka þjónustu verði sett inn í framkvæmdaáætlun og lýsir sig jafnframt fús til samstarfs þar um.

#### 4. Aðgerðir um sérstaklega viðkvæma hópa

22. Aðgerð 4.1 um kortlagningu samfélagsþátta er vinni gegn fátækt og jaðarsetningu er sérstaklega mikilvæg. Það er alltof lítið vitað um stöðu og velferð innflytjenda og flóttafólks og stefnumótun þjónustu því erfiðari fyrir vikið. Hér telur félagið mikilvægt að staða innflytjenda og flóttafólks verði einnig greind út frá tegund verndar og/eða dvalarleyfa, hvort um er að ræða flóttafólk, fjölskyldusameiningu, fylgdarlaus börn o.s.frv. Slík greining myndi leiða til skilvirkari stefnumótunar.
23. Gleðilegt er að sjá aðgerðir er styðja eiga við geðheilbrigði flóttafólks með sálrænum stuðningi. Félagið hefur lengi unnið út frá lágþröskuldamódeli í þessum efnum með þátttöku fjölda sjálfboðaliða og jafningjastuðningi fólks í svipaðri stöðu. Þótt mörg þurfi á aðstoð að halda er í meirihluta tilvika hægt með veitingu slíks sálfélagslegs stuðnings að sporna við því að leita þurfi til sérhæfðrar geðheilbrigðisþjónustu. Auknum stuðningi af þeim toga mætti bæta með markvissari hætti inn í ramma fyrstu áranna sem minnst er á í atriði 7 hér ofar. Rauði krossinn er fús til frekari samstarfs hvað þetta varðar.
24. Eins er aðgerð 4.4. Tryggt aðgengi flóttafólks að gagnreyndri meðferð við áfallastreituröskun afar mikilvæg og hefur lengi verið skortur á að nægjanleg slík meðferð sem svarar raunverulegri þörf sé til staðar.
25. Húsnæðismarkaðurinn er innflytjendum oft mjög erfiður, erfitt að fá húsnæði á leigu, tíðir flutningar með börn milli hverfa og erfitt að eignast eigið húsnæði. Veita þyrfti þessu málefni meiri athygli næstu fjögur árin.

---

<sup>3</sup> [stafraenstefna\\_250621.pdf](#)

## 5. Aðgerðir um tölfraði og rannsóknir

26. Eins og áður er fram komið eru gögn um hvernig innflytjendum farnast hér á landi af afar skornum skammti og félagið fagnar skýrum skrefum til að bæta þar úr. Félagið telur æskilegt að félagasamtökum verði bætt við sem samstarfsaðilum í aðgerð 5.2. *Rannsóknir, gagnaöflun og þekkingarmiðlun*, enda þekkja þau oft aðrar hliðar mála og eru oft í sérstökum og beinum tengslum við hópinn sem þessar rannsóknir eiga að beinast að.

### Að lokum

Öll þurfum við sem vinnum að þessum málaflokki að leggja okkur meira fram um efla raddir innflytjenda sjálfra sem og flóttafólks. Þannig gætu þau í meira mæli lagt inn umsagnir um áætlanir eins og þessar, tekið þátt í mótun og framkvæmd þessarar vinnu sem felst í áætluninni.

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs við mótun áætlunarinnar, ekki síst þar sem félagið kemur að verkefnum fyrir flóttafólk og telur æskilegt að viðhaft verði gott samráð við hlutaðeigandi félagasamtök. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til frekari viðræðna um tillöguna og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

F.h. Rauða krossins á Íslandi

Nína Helgadóttir,

sérfræðingur í málefnum farenta